

Stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni

- framkvæmdaáætlun -

Inngangur

Ríkisstjórn Íslands samþykkti stefnu um líffræðilega fjölbreytni árið 2008. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra skipaði svo starfshóp vorið 2010 til þess að gera tillögu að verkáætlun stefnunnar. Í hópinn voru skipaðir fulltrúar sem tilnefndir voru af þeim ráðuneytum sem talið var að helst kæmu að framkvæmd hennar. Í starfshópnum sátu Þorsteinn Tómasson fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Áslaug Helgadóttir fyrir iðnaðarráðuneytið og Sigurður Ármann Þráinsson fyrir umhverfisráðuneytið en hann leiddi starf hópsins. Fundað var þrisvar til þess að fara yfir stefnuna, ræða áherslur og hugsanlegar aðgerðir. Milli funda var unnið að efnisatriðum framkvæmdaáætlunarinnar og samskipti fóru fram í gegnum netmiðla.

Verulegur hluti stefnunnar og útfærsla áætlunarinnar fellur að starfssviði stofnana umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þessar stofnanir eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, veiðimálastofnun, landshlutabundnu skógræktarverkefni og erfðanefnd landbúnaðarins og Matvælastofnun.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að stofnanir iðnaðarráðuneytisins tengdust ekki efnisatriðum stefnunnar né framkvæmd hennar með beinum hætti þannig að verkefnum er ekki beint til þess.

Framkvæmdaáætlunin er þannig uppbyggð að hún er auðkennd með sömu tölustöfum og tilgreindir eru í 5. kaflanum um markmið, aðgerðir og leiðir í stefnu ríkisstjórnarinnar. Texti úr stefnunni er auðkenndur með skáletruðum texta og fylgir stutt lýsing á stöðu viðkomandi aðgerð í hverju tilfelli fyrir sig. Síðan eru tilgreindar leiðir til að framkvæma stefnuna og hverjir ættu að bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Starfshópurinn hefur ekki lagt mat á kostnað við framkvæmd áætlunarinnar. Í mörgum tilvikum hafa stofnanir lagt fram kostnaðaráætlun vegna einstakra verkþátta við undirbúning fjárlaga eða í rekstraráætlunum sínum. Starfshópurinn settur heldur ekki fram tímaramma fyrir framkvæmdina í heild, en mikilvægt er að vinna markvisst að framkvæmd hennar á næstu þremur árum, þ.e. innan tímamarka náttúruverndaráætlunar. Sum verkefni munu þó taka lengri tíma, svo sem kortlagning lífríkis og gerð gróður- og vistgerðakorta, auk þess sem vöktunarverkefni eru eðli málsins samkvæmt viðvarandi.

5. Kafli stefnunnar um líffræðilega fjölbreytni

Markmið, aðgerðir og leiðir

Að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.

5.1 Að efla þekkingu á íslensku lífríki

Sjöunda grein Samningsins um líffræðilega fjölbreytni kveður á um skyldur aðildarríkja til að greina, flokka og skrá lífríkið (vistgerðir, tegundir, stofna) á landi, ferskvatni og í sjó. Áherslu ber að leggja á þann hluta lífríkisins sem er í hættu eða hefur hátt vistfræðilegt, efnahagslegt, félagslegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi. Enn fremur þarf að efla rannsóknir og skráningu á þeim hópum lífvera sem minnst eru þekktir. Grunnþekking af þessu tagi þarf að vera aðgengileg almenningsi og fræðimönnum þannig að hún nýtist til fræðslu og við ákvarðanatöku um nýtingu jafnt sem verndun lífríkisins.

Aðgerðir og leiðir

- *Gera gagnasöfn um íslenskar lífverur aðgengileg á netinu fyrir árið 2010 og halda áfram uppbyggingu þeirra með sérstakri áherslu á lítt þekktu lífveruhópa.*

Gagnasöfn um einstaka flokka lífvera eru margvísleg og víða að finna. Eitt af megin hlutverkum Náttúrufræðistofnunar Íslands er að halda utan um vísindaleg gagnasöfn og upplýsingar um tegundir í náttúru landsins. Bændasamtök Ísland eru með mjög ítarleg gagnasöfn um helstu nytjategundir í búfé sem leggur grundvöllinn að öflugu kynbótastarfi auk gagnasafna sem lúta að bústofnum sem eru í hættu vegna breyttra búháttanna svo sem geitur og hænsn. Landbúnaðarháskóli Íslands geymir einnig viðamikla gagnagrunna með upplýsingum um landgerðir, eiginleika íslensks jarðvegs, jarðvegseyðingu o.fl. Skógrækt ríkisins er með miklar upplýsingar um trjátegundir. veiðimálastofnun hefur yfir að ráða merkur gögnum um lax og silung í ám og vötnum. Grasagarðar búa yfir mjög miklum upplýsingum. Hafrannsóknastofnunin býr yfir ítarlegum upplýsingum um fiskistofna og ástand þeirra. Þessi gagnasöfn eru eðli málsins samkvæmt mismunandi aðgengileg en æskilegt að þau verði í sem ríkustum mæli aðgengileg á netinu, þannig að þau nýtist sem best í rannsóknastarfi, menntun og atvinnusköpun.

Í plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er hægt að finna upplýsingar úr gagnagrunnum stofnunarinnar um háplöntur, fléttur og sveppi. Á vefnum Flóra Íslands eru upplýsingar um flóru landsins í heild. Stefnt er að því að opnað verði fyrir aðgang að gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar um fugla í fuglavefsjá fyrir hluta næsta árs. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þegar lokið við að þróa og setja upp miðstöð þar sem aðrir gagnagrunnar stofnunarinnar verða vistaðir.

Gagnagrunnur verkefnisins Botndýr á Íslandsmiðum (BioIce), sem er rekinn sameiginlega af Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknastofnuninni er kominn á netið en er enn sem komið er aðeins aðgengilegur fyrir sérfræðinga. Stefnt er að

því að hann verði opnaður og gerður aðgengilegur á netinu fyrir alla fyrri hluta árs 2011.

Framkvæmd;

Mikilvægt er að rekstur og varðveisla gagnagrunna verði tryggð og veitt aðgengi að þeim í samvinnu þeirra sem annast þá. Auk gagnagrunna Náttúrufræðistofnunar Íslands er rétt að nefna sérstaklega gagnasöfn eða hluta gagnasafna stofnana eins og Umhverfisstofnunar, Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Veiðmálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Bændasamtaka Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, náttúrustofa og Bændasamtakanna og Grasagarðanna. Þetta á sérstaklega við um almennar náttúrufarsupplýsingar og vöktunargögn.

- *Ljúka við gerð gróður- og vistgerðarkorta af þurrlendi, ferskvatni og grunnsævinu umhverfis landið fyrir árið 2015.*

Þurrlendi

Liðlega tveir þriðju hlutar landsins hafa verið kortlagðir í mælikvarða frá 1:10.000 til 1:40.000. Um þriðjungur kortlagða svæðisins er kominn á stafrænt form og þar af hefur helmingurinn verið endurkortlagður á stafræn myndkort. Gróðurkortin hafa verið notuð sem grunnur að vistgerðakortum. Miðað við núverandi mannafla á Náttúrufræðistofnun Íslands og núverandi fjárveitingar og áherslur í starfsemi stofnunarinnar væri hægt að ljúka við að gróðurkortleggja allt landið á 10 árum.

Vistgerðarkort af láglandi

Greining og skilgreining á vistgerðum á láglandi er ekki hafin á vegum Náttúrufræðistofnunar en áætlanir um verkefnið liggja fyrir. Mjög mikilvægt er að kortleggja þurrlendi, þ.m.t. ferskvatn og votlendissvæði, og fjörur landsins samtímis. Hægt væri að ljúka við vistgerðakortlagningu á láglandi á 3-6 árum, eftir því hversu miklir fjármunir fengjust til verksins og hvort hægt verði að nýta fjarkönnun í auknum mæli. Bernarsamningurinn, sem Ísland er aðili að, krefst slíkrar vinnu.

Náttúrufræðistofnun telur að gera megi ráð fyrir að lágmarki í kringum 500-700 milljónir til að kortleggja þurrlendi og ferskvatn en að nokkuð þurfi til viðbótar við kortlagningu grunnsævis.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur megin ábyrgð á framkvæmd gróður- og vistgerðarkortlagningar þurrlendis, ferskvatns og grunnsævis og varðveislu gagna. Styrkja þarf samvinnu Náttúrufræðistofnunar, náttúrustofa (þ.m.t. Náttúrufræðistofu Kópavogs), Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra aðila sem vinna á þessu sviði um verkefnið og koma þeim af stað sem fyrst.

Ferskvatn

Undanfarin ár hafa Háskóli Íslands, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Veiðimálastofnun unnið að verkefninu „Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna: samræmdur gangagrunnur“.

Grunnsævi

Undanfarið hafa Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunin unnið í samvinnu við Háskóla Íslands að undirbúningi á nýju verkefni í framhaldi af BioIce verkefninu um það að kortleggja lífríkið á grunnsævi umhverfis landið.

Framkvæmd;

Mikilvægt er að ferskvatnsvistkerfi verði kortlögð og lífríki þeirra skráð með skipulegum og samræmdum hætti og að gagnagrunnar um lífríki og líffræðilega fjölbreytni ferskvatns séu aðgengilegir á einum stað.

Mikilvægt er að afla sem fyrst upplýsinga um lífríki grunnsævis og líffræðilega fjölbreytni þess. Mikilvægi verkefnisins mun aukast með innleiðingu á vatnatilskipun Evrópusambandsins hér á landi.

5.2 Að vakta ástand helstu vistkerfa, tegunda og stofna

Sjöunda grein samningsins kveður á um skyldur aðildarríkja til þess að vakta með reglubundnum hætti helstu þætti í lífríki eigin lands svo unnt sé að fylgjast með þróun þessara þátta og grípa til verndaraðgerða ef þörf reynist. Jafnframt eiga aðildarríki að greina og fylgjast með helstu hættum eða ógnum sem beinast að lífríkinu og bregðast við þeim eftir því sem við á.

Aðgerðir og leiðir

- *Gera vöktunaráætlanir yfir lykilþætti líffræðilegar fjölbreytni á þurrlendi, í ferskvatni og hafinu umhverfis landið.*

Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnuninni bera hér meginábyrgð og þurfa viðkomandi ráðuneyti sameiginlega að beita sér fyrir samvinnu um framkvæmd þessara verkefna. Efla þarf vöktun á lykilþáttum íslenskrar náttúru til þess að fá nægilega góða mynd af ástandinu og breytingum í framtíðinni.

Þurrlendi

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur að því að setja upp heildstæða áætlun um vöktun á lífríki þurrlendis, m.a. í tengslum við áherslur í CAFF samstarfinu á vegum Norðurskautsráðsins. Áætlanir stofnunarinnar gera ráð fyrir að hægt verði að kynna áætlunina fyrri hluta árs 2011.

Fuglar og háplöntur

Náttúrufræðistofnun hefur stefnt að því að kynna áætlanir sínar um vöktun fugla og háplantna og mun gera það fyrri hluta árs 2011.

Endurmat á fuglastofnum

Náttúrufræðistofnun vinnur að endurmati á stærð fuglastofna en síðast var það gert upp úr 1990. Á grundvelli þess verður birtur endurskoðaður válisti yfir fugla og heildstæð áætlun um vöktun fuglastofna landsins.

Stofnunin hefur kynnt hugmyndir sínar um vöktun fuglastofna og leitað upplýsinga um það hvað aðrar stofnanir eða náttúrustofur væru að gera og hvort þær hefðu innlegg í mat á stofnum og þörf á vöktun einstakra tegunda. Fyrirhugað er að koma á viðtækri samvinnu vöktunaraðila um ákveðna þætti, tegundir eða landsvæði við vöktun fuglastofnanna.

Vöktun válistaplantna

Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt Grasagarðinum í Reykjavík hefur undanfarin ár vaktað sjaldgæfar háplöntur og plöntur sem taldar eru í hættu og eru á válista. Vaxtarstaðir tegunda eru kannaðir og mældir og fylgst er með breytingum í útbreiðslu og fjölda einstaklinga. Athuganir eru gerðar á nokkurra ára fresti. Nú eru um 40% tegunda á válista í ræktun *ex situ* í Grasagarðinum.

Smádýr

Ákveðnir hópar smádýra eru vaktaðir með reglulegum mælingum á nokkrum stöðum á landinu. Útbreiðsla og tegundasamsetning er könnuð og fylgst er með nýjum tegundum.

Sveppir

Unnið er að því að fullgera lista yfir sveppi sem finnast hér á landi og undirbúa vöktun þeirra.

Landgræðslusvæði

Landgræðsla ríkisins hefur um árabil sinnt eftirliti og vöktun með ástandi gróðurs og gróðurfars. Fylgst er með gróðurþekju á landgræðslusvæðum og ástandi beitilands.

Ferskvatn

Vitneskja um lífríki í ferskvatni hefur aukist á undanförunum árum. Einkum hefur verið lögð vinna í að rannsaka og vakta lífríki Þingvallavatns og Mývatns og Laxár, en yfirlitsrannsóknir á lífríki stöðuvatna nýverið hefur veitt ítarlegri upplýsingar um lífríki og flokkun íslenskra vatna.

Hafið

Markmið með vöktun á lífríki hafsins hefur hingað til miðast við að afla upplýsinga um ástand sjávar (hitafar, seltu framleiðslu plöntusvifs og átu) og afrakstursgetu nytjastofna við landið. Þetta starf veitir mikilvægar upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni þar sem samtímis eru skráðar upplýsingar um flestar þær lífverur sem safnað er. Á síðari árum hefur jafnframt aukist vöktun á ákveðnum tegundum, s.s. kóraltegundum og viðkvæmum vistkerfum. Upplýsingar sem söfnuðust í BioIce verkefninu, auk þeirra upplýsinga sem safnað er í

vöktunarleiðöngurum, munu nýtast til þess að gefa hugmynd um ástand lífríkisins innan landhelginnar og verður viðmiðun við vöktun á ástandinu í framtíðinni.

Framkvæmd;

Nauðsynlegt er að auka umfang vöktunar þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunin og aðrar vöktunarstofnanir geti vaktað betur lykilkætti í náttúru landsins m.a. með betri sérfræðipækkingu, aðstöðu og búnaði til vöktunar.

Mikilvægt er að Landgræðsla ríkisins fylgist vel með rofsvæðum þannig að hægt sé að meta hvar gróður er að hörfa og hvar svæði sem eru mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni eru í hættu og koma í veg fyrir að gangi á gróðurlendi og líffræðilega fjölbreytni.

- *Efla samstarf og samráð rannsókn- og stjórnsýslustofnana um lífríkisvöktun og tryggja þátttöku hagsmunaaðila, áhugamannfélaga og heimafólks þar sem við á.*

Náttúrufræðistofnun Íslands er sú stofnun sem skýrast hlutverk hefur á landsvísu til vöktunar og rannsókna á náttúru og lífríki landsins og skyldur til þess að viðhalda gagnagrunnum um náttúrufer. Hafrannsóknastofnunin hefur víðtækt hlutverk við vöktun lífríkis á hafsvæðinu umhverfis landið og Veiðimálastofnun vaktar fjölda þátta í lífríki ferskvatns. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þegar hafið undirbúning að víðtækari samvinnu við ýmsa aðila s.s. Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunina sem starfa einnig á landsvísu, og Náttúrufræðistofnunina við Mývatn, náttúrustofnunar og aðra svæðisbundna aðila, um vöktun á helstu þáttum í lífríki landsins. Um langt skeið hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið með áhugamannasamtökum að vöktun fuglastofna eins og t.d. arnarins og við vetrartalningar fugla. Vöktun háplantna á válista hefur verið í samvinnu við grasagarðana.

- *Kynna niðurstöður vöktunarinnar reglulega t.d. í formi tölulegra vísu sem sýna ástand lykilkættu lífríkisins.*

Stofnanir kynna reglulega, t.d. á Hrafnapingi Náttúrufræðistofnunar Íslands, Málstofu Hafrannsóknastofnunarinnar og þingum náttúrustofanna, bæði rannsóknar- og vöktunarniðurstöður sínar fyrir öðrum sérfræðingum og almenningi.

Sérstakir vísar fyrir vöktun líffræðilegrar fjölbreytni hafa ekki verið afmarkaðir. Vísar sem settir hafa verið upp í tengslum við sjálfbæra þróun, s.s. breytingar á tegundum á válista, fjöldi og stærð friðaðra svæða, og þróun stofnstærðar gefa tölulega mynd af breytingum í lífríkinu.

Framkvæmd;

Mikilvægt er að sem fyrst verði gengið frá íslenskum vísu fyrir vöktun líffræðilegrar fjölbreytni, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt markmiðum og stefnu sammingsins um líffræðilega fjölbreytni. Lagt er til að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi umsjón með verkefninu og vinni það í samvinnu við aðra vísinda og vöktunaraðila.

5.3 Að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í kerfi verndarsvæða

Áttunda grein samningsins leggur áherslu á nauðsyn þess að aðildarríki komi á fót kerfi verndaðra svæða með það að markmiði að tryggja lágmarksverndun mikilvægustu vistkerfa, tegunda og stofna. Aðildarríkjaþing samningsins og Leiðtogafundur um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002 hafa mælt til þess að ríki komi slíku kerfi á fót á landi fyrir árið 2010 og í sjó fyrir árið 2012. Í Náttúruverndaráætlun, sem mælt er fyrir um í náttúruverndarlögum nr. 44/1999, skulu vera upplýsingar um náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem ástæða þykir til að friðlýsa. Svæðaverndun í hafi byggir á svæðatakörkunum á grunni fiskveiðistjórnunarlagu og friðlýsingarákvæðum laga um náttúruvernd. Undanfarna áratugi hefur svæðatakörkunum verið beitt með ýmsum hætti til fiskveiðistjórnunar, allt frá algerum lokunum til sértækra lokana. Haldið verður áfram á þeirri braut og vaxandi tillit tekið til líffræðilegrar fjölbreytni í því sambandi.

Aðgerðir og leiðir

- *Friðlýsa svæði í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008.*

Svæði á fyrstu náttúruverndaráætlun, sem ráðgert hefur verið að friðlýsa til verndunar líffræðilegri fjölbreytni, eru eftirfarandi sjö fuglasvæði: Álftanes-Akrar-Löngufjörur, Álftanes- Skerjafjörður, Austara-Eylendið, Guðlaugstungur, Látrabjarg - Rauðisandur, Vestmannaeyjar og Öxarfjörður. Á áætluninni eru einnig þrjú svæði mikilvæg fyrir verndun plantna: Látraströnd - Náttfaravíkur, Njarðvík - Loðmundarfjörður og Vatnshornsskógur ásamt Vatnajökulspjóðgarði. Auk þess eru tvö jarðfræðilega mikilvæg svæði og svæði sem tengjast stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

Búið er að friðlýsa Guðlaugstungur, Vatnshornsskóg, hluta Skerjafjarðarsvæðisins og stofna Vatnajökulspjóðgarð. Öll svæði áætlunarinnar eru áfram á nýrri náttúruverndaráætlun fyrir 2009-2013 og verður áfram unnið að friðlýsingu þeirra á gildistímanum á vegum Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins.

Framkvæmd;

Lagt er til að gengið verði frá áætlun um forgangsöröðun og tímaáætlun fyrir þetta verkefni og framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009-2013 fram til 2014 sem fyrst.

Ganga þarf frá því hvaða stofnun vinnur að undirbúningi friðlýsingar tegunda plantna og hryggleysingja í náttúruverndaráætlun 2009-2013 og á hvað formi friðlýsingar þeirra verða. Lagt er til að Náttúrufræðistofnun Íslands sinni þessu verkefni og geri tillögu um það hvernig frágangur þeirra verður enda býr stofnunin yfir nauðsynlegum upplýsingum um viðkomandi tegundir.

- *Setja á fót sérstaka vöktunaráætlun fyrir verndarsvæði til að meta árangur verndunar.*

Mat á árangri verndunar og stjórnunar á friðlýstum svæðum hefur ekki verið gert hér á landi. Aðferðafræði við slíkar úttektir hefur verið þróuð, meðal annars á vegum IUCN, og á vegum samningsins um líffræðilega fjölbreytni er lögð áhersla á að fram fari mat á árangri stjórnunar og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni á friðlýstum svæðum.

Til stendur að gera gloppu greiningu fyrir lífríki á friðlýstum svæðum og fá þannig fram hvaða verndarmakmiðum hefur verið náð fram með stofnun þeirra og til þess að setja upp markvissar vöktunaráætlanir og setja viðmið fyrir mat á árangri verndunar. Fyrsta skrefið er að koma upp gagnagrunnum um náttúrufræði friðlýstra svæða. Innan Evrópusambandsins er krafa um að á Natura 2000 svæðum séu gerðar úttektir á sex ára fresti.

Framkvæmd;

Lagt er til að umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að gerð verði úttekt á stjórnun og umsjón friðlýstra svæða í samræmi við markmið nr. 1.4 í vinnuáætlun samningsins um líffræðilega fjölbreytni fyrir friðlýst svæði.

Jafnframt er lagt til umhverfisráðuneytið beiti sér fyrir því að rannsóknir og vöktun á lífríki og líffræðilegri fjölbreytni friðlýstra svæða verði aukin m.a. í því augnamiði að skýra hvaða þættir líffræðilegrar fjölbreytni njóta verndar innan friðlýstra svæða og hvar þurfi að styrkja verndun tegunda til þess að ná fram markmiðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

- *Vinna nýja Náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2009-2013 með hliðsjón af alþjóðlegum samþykktum og greiningu á þeim þáttum líffræðilegrar fjölbreytni sem helst eru verndarþurfi.*

Ný náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2009-2013 var samþykkt á Alþingi vorið 2010 en þar er gert ráð fyrir að 12 ný svæði verði friðlýst ásamt þeim sem ekki náðist að friðlýsa á gildistíma fyrstu áætlunar. Áætlunin miðar fyrst og fremst að því að tryggja verndun sjaldgæfra plöntutegunda og þeirra sem taldar eru vera í hættu. Í þessum tilgangi er áætlað að friðlýsa fimm ný svæði. Einnig er lögð áhersla á friðlýsingu vistgerða á hálendinu með friðlýsingu þriggja svæða og tveggja svæða til verndunar þriggja tegunda hryggleysingja. Þá er gert ráð fyrir að 124 tegundir plantna verði friðaðar með tegundarverndun og þrjár tegundir hryggleysingja.

Áherslur í áætluninni eru í samræmi við þær áherslur sem samningurinn um líffræðilega fjölbreytni leggur á verndun plantna og framkvæmd alþjóðlegrar áætlunar samningsins á þessu sviði. Lagt er til að ríki heims tryggi verndun tegunda plantna bæði með verndun tegunda og einnig með verndun svæða sem mikilvæg eru fyrir vöxt og viðgang viðkomandi tegunda. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur undanfarið kortlagt fundarstaði plöntutegunda sem eru í hættu og metið umfang og ástand tegundanna á þekktum vaxtarstöðum.

Framkvæmd;

Nú er unnið að framkvæmd náttúruverndaráætlunar og koma umhverfisráðuneytið, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun að framkvæmdinni og er undirbúningur friðlýsingar í höndum Umhverfisstofnunar. Vonir standa til að þrjú til fimm svæði á áætluninni verði friðlýst á ári til 2014. Nauðsynlegt er að samþykkt verði áætlun um friðlýsingar til 2014.

- *Gera úttekt á óröskuðum votlendissvæðum landsins og vernda þau svæði sem hafa mesta sérstöðu og eru verndarþurfi.*

Þetta verkefni tengist náið kortlagningu og skráningu gróðurfars og fellur að hluta undir hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsir aðrir aðilar hafa unnið að úttektum á framræslu og röskuðun votlendissvæða sem nýtist við kortlagningu óraskaðra votlendissvæða. Mikilvægt er að samnýta þekkingu og reynslu þessara aðila og koma á samvinnu milli þeirra um framkvæmdina.

Framkvæmd;

Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ættu að styðja við samstarf m.a. milli Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veiðimálastofnunar og Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands með áherslu á að teknar verði saman upplýsingar um óröskuð votlendi landsins og hvaða votlendissvæði ástæða er til þess að vernda í samræmi við lög um náttúruvernd og í anda Ramsarsamþykktarinnar.

- *Ljúka náttúrufræðisúttekt á jarðhitasvæðum og vernda þau svæði sem hafa mesta sérstöðu og eru verndarþurfi.*

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið við og gefið út nokkrar skýrslur um náttúrufræðisathuganir sínar á jarðhitasvæðum landsins og mat á verndargildi háhitasvæða í tengslum við Rammaáætlun. Náttúrufræðistofnun Íslands lagði í skýrslunni „Mat á verndargildi 18 háhitasvæða“ mat á verndargildi háhitasvæða án tillits til landnýtingar og benti á nokkur svæði sem stofnunin teldi þörf á að njóti hámarks verndunar.

Framkvæmd;

Lagt er til að Umhverfisráðuneytið fari yfir og skoði mat á verndargildi mikilvægustu háhitasvæða landsins út frá náttúrufræðilegum og náttúruvernd, sbr. tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands í skýrslunni „Mat á verndargildi 18 háhitasvæða“ og hefji vinnu við verndun svæða sem talin eru verndarþurfi, vegna jarðfræði en ekki síður vegna sérstaks lífríkis jarðhitasvæða ekki síst örvera. Taka þarf saman gögn um örverur og annað lífríki á jarðhitasvæðum, greina og flokka eftir verndargildi. Jafnframt er lagt til að ábendingum í skýrslunni um frekari rannsóknir, vöktun og kortlagningu verði komið í framkvæmd.

- *Vinna áfram að verndun viðkvæmra vistkerfa í hafinu við Ísland á grunni lagaramma um stjórn, nýtingu og verndun lifandi auðlinda hafsins, auk tillagna nefndar um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland.*

Verkefnið er á forræði Hafrannsóknastofnunarinnar sem gerir grein fyrir framgangi þess eftir því sem því miðar áfram. Hafrannsóknastofnunin hefur undanfarin ár unnið að gagnaöflun um viðkvæm vistkerfi í hafinu, einkum á kóralsvæðum. Ítarleg skýrsla var gefin út um ástandið árið 2004 og síðan hefur athugunum með fjölgeislamælingum á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni verið haldið áfram til þess að afla ítarlegri upplýsinga um útbreiðslu og ástand kóralsvæða við landið. Fimm kóralsvæði við suðurströndina hafa verið friðuð en ástæða er til þess að friða fleiri svæði á grundvelli upplýsinga í fyrrgreindri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar og nýjum upplýsingum um útbreiðslu og ástand kóralsvæða við suðurströndina.

Framkvæmd;

Áriðandi er að auka umfang fjölgeislamælinga þar sem einungis lítill hluti hafsbotsins umhverfis landið hefur verið kortlagður og fyrirsjáanlegt að með sama áframhaldi mun taka áratugi að ljúka kortlagningu hafsbotsins. Jafnframt er mikilvægt að tengja verkefnið við kortlagningu á lífríkis á grunnsævi, sbr. lið 5.1.

Styrkja þyrfti samstarf umhverfisráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana þeirra á þessu sviði, m.a. á grundvelli 2012 markmiðanna um net verndarsvæða í hafinu, OSPAR sammingsins og sammingsins um líffræðilega fjölbreytni.

5.4 Að tryggja verndun tegunda og stofna sem eru í hættu

Þótt Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni leggi höfuðáherslu á friðun stærri landsvæða til að tryggja verndun tegunda þarf oft til viðbótar sértækar stjórnvaldsaðgerðir sem beinast að einstökum tegundum eða stofnum sem eru í hættu eða hafa mikið efnahagslegt, félagslegt, vísindalegt eða menningarlegt gildi. Válistar eru skrár yfir verndarstöðu tegunda og stofna sem eiga undir högg að sækja.

Aðgerðir og leiðir

- *Uppfæra válista um plöntur og fugla og ljúka gerð válista um spendýr og smádýr fyrir 2010 og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda tegundir sem settar eru á válista, s.s. með friðlýsingu tegunda og búsvæða.*

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur þegar birt nýjan válista fyrir háplöntur og verið er að vinna að endurskoðun fyrir aðrar plöntur og válista fyrir fugla. Vinna þarf að válista fyrir aðrar tegundir. Unnið er að friðlýsingu plantna sem eru í útrýmingarhættu í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Válisti fyrir háplöntur var uppfærður árið 2008 og kynntur í kjölfar ársfundar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nokkrar breytingar yrðu á listanum yfir háplöntur. Aðrir plöntulistar eru óbreyttir frá því 1996.

Verndun og sjálfbær nýting nytjaplantna og búpenings er á forræði erfðanefndar landbúnaðarins sem starfar í nánú samstarfi við Nordgen, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að framgangi þessa máls.

Framkvæmd;

Mikilvægt er að Náttúrufræðistofnun Íslands ljúki endurskoðun válista fyrir fugla og plöntur og birti nýja válista fyrir aðrar tegundir svo sem fyrir spendýr, hryggleysingja og sveppi.

Áríðandi er að erfðanefnd landbúnaðarins vinni að verndun og varðveislu íslenskra búfjárkynja og íslenskra landbúnaðarplantna í samræmi við landsáætlun nefndarinnar 2009 - 2013.

- *Vinna verndaráætlanir fyrir þær tegundir og stofna sem eru í mestri hættu.*

Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun þyrftu að vinna verndaráætlanir fyrir land- og ferskvatnategundir sem eru í hættu. Hafrannsóknastofnunin ætti einnig að vinna verndaráætlanir fyrir sjávartegundir sem eru í hættu og gæti tekið upp samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands á grundvelli gagna úr verkefninu um botndýr á Íslandsmiðum. Erfðanefnd landbúnaðarins hefur þegar unnið verndaráætlanir fyrir helstu nytjategundir í landbúnaði, sbr. landsáætlun um verndun íslenskra erfðaauðlinda í landbúnaði þar sem tilgreindar eru leiðir til þess að vernda viðkomandi tegundir. Í verndaráætlunum fyrir tegundir ætti að gera grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum og hvernig fyrirhugað er að vinna að verndun viðkomandi tegunda.

Framkvæmd;

Lagt er til að búið verði að vinna verndaráætlanir fyrir þær tegundir sem eru í mestri hættu fyrir 2014.

- *Þróa áfram og nýta aðferðir sem draga úr skaðlegum áhrifum veiðarfæra á lífríki í sjó, þar með talin áhrif á botndýr og sjófugla.*

Hafrannsóknastofnunin vinnur að þróun veiðarfæra sem miða að því að lágmarka skaðleg áhrif á lífríki, þar með talin áhrif á botndýr og sjófugla. Stofnunin tekur m.a. þátt í alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði. Mikilvægt er að samvinna sé einnig innanlands við aðila sem stunda rannsóknir á sjófuglum og lífríki hafsins, s.s. við Náttúrufræðistofnun Íslands, um umhverfissvænni veiðarfæri og leiðir til þess að draga úr áhrifum veiða og veiðarfæra á fugla og botndýr, þ.m.t. meðafla fugla og annarra dýra. Nauðsynlegt er að afla betri vitneskju um áhrif veiðarfæra á lífríki og sjávarbotn með betri skráningu slíkra upplýsinga.

Framkvæmd;

Lagt er til að Hafrannsóknastofnunin auki samstarf sitt við aðrar rannsóknastofnanir, s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands, um nýjar leiðir og aðferðir til þess að draga úr áhrifum veiða og veiðarfæra á botndýr og sjófugla, þ.m.t. meðafla.

Lagt er til að kannað verði hvort mögulegt er að taka upp skráningu á fuglum sem koma sem meðafli í veiðarfæri í afladagbækur til þess að afla upplýsinga um slík tilvik og umfang þeirra.

5.5 Að endurheimta náttúruleg vistkerfi og tegundir

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni beinir því til aðildarríkja að þau endurheimti og lagfæri eftir mætti vistkerfi sem hafa spillst vegna umsvifa mannsins og stuðli þannig að því að tegundir sem eru í hættu nái sér aftur á strik. Með styrkveitingum eða annarri umbun geta stjórnvöld með beinum hætti hvatt landeigendur til aðgerða sem miða að því að vernda, endurheimta og nýta líffræðilega fjölbreytni með sjálfbærum hætti.

Aðgerðir og leiðir

- *Vinna áætlun um endurheimt birkiskóga og votlendissvæða og eftir atvikum annarra vistkerfa og landsvæða sem eyðst hafa eða rýrnað að gæðum.*

Í skýrslu nefndar um verndun og endurheimt birkiskóga er listi yfir leifar birkiskóga og forgangsröðun í friðlýsingu þeirra. Þar er lagt til að eftirfarandi skógar verði friðlýstir:

1. Fagrahlíð í Skagafirði – síðustu leifar á stóru svæði.
2. Ljósstaðaskógur í Laxárdal – hávaxinn skógur.
3. Skógarleifar vestan í Sellandafjalli – síðustu leifar á stóru svæði.
4. Hlíðardalur í Mývatnssveit – óvenju samfelldur skógur í mikilli hæð.
5. Núpsstaðaskógur – hávaxinn skógur.
6. Hrífunes í Skaftártungu – samfelldur og víðáttumikill skógur.
7. Teigsskógur við Þorskafjörð – samfelldur skógur, kjarnasvæði.
8. Trostansfjörður inn af Arnarfirði – hávaxinn skógur.
9. Hraunteigur neðan Heklu – Skógurinn er mikil náttúruperla, botngróður hefur náð að færast nærri náttúrulegu horfi ólíkt því sem við á um flesta birkiskóga í nágrenninu svo sem Galtalæk o.fl.

Auk þess eru tillögur í náttúruverndaráætlun um friðlýsingu nokkurra birkiskóga.

Skógarúttekt Skógræktar ríkisins á birkiskógum, sem ráðgert var að yrði tilbúin 2008, liggur ekki fyrir og hefur stofnunin ákveðið að birta skýrslu um stöðu og þróun birkiskóga á fimm ára fresti en vinna jafnt og þétt að upplýsingaöflun.

Verkefnið Hekluskógar - Endurheimt skóga í nágrenni Heklu hefur gengið framur öllum vonum. Ástæða er til þess að ráðast í fleiri slík endurreisnarverkefni þar sem birkiskógur hefur horfið eða látið verulega á sjá..

Framkvæmd;

Lagt er til að umhverfisráðuneytið feli hópi stofnana ráðuneytisins að gera tillögur um endurheimt lykil vistgerða og vistkerfa, s.s. votlendis og birkiskóga, sem hafa rýrnað að gæðum til viðbótar tillögum um friðlýsingu birkiskóga á hér að framan.

- *Efla rannsóknir á endurheimt og styrkingu vistkerfa sem spillst hafa.*

Landgræðsla ríkisins hefur unnið að endurheimt vistkerfa og gróðurs frá upphafi landgræðslustarfs hér á landi. Landgræðslan stundar nú rannsóknir á endurheimt vistkerfa og styrkingu þeirra. Ástæða er til þess að efla rannsóknir á vegum Landgræðslu ríkisins á endurheimt vistkerfa. Reynsluna af Hekluskögaverkefninu á vegum landgræðslunnar má nýta til að endurheimta birkiskóga landsins á fleiri svæðum.

Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands hefur forgöngu um rannsóknir á votlendi og vinnu til þess að endurheimta spillt votlendi. Náttúrufræðistofnun sinnir rannsóknum á þessu sviði og fleiri aðilar koma að verkefnum sem tengjast ástandi lífríkis og vistkerfa.

Framkvæmd;

Lagt er til að viðeigandi ráðuneyti og stofnanir leggi ríka áherslu á eflingu rannsókna á endurheimt og styrkingu vistkerfa sem hafa spillt bæði til lands og sjávar.

5.6 Að stuðla að öruggri umgjörð við ræktun og dreifingu erfðabreyttra lífvera

Í áttundu grein Samningsins um líffræðilega fjölbreytni er fjallað um aðgerðir sem aðildarríki skulu grípa til að stýra, stjórna eða hafa eftirlit með mögulegri áhættu sem tengist því að nota og sleppa lifandi, erfðabreyttum lífverum sem eru líklegar til að hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Sérstök bókun við samninginn, Cartagena- bókunin, var gerð árið 2000 til þess að vernda líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar gegn hugsanlegri hættu af erfðabreyttum lífverum. Ísland hefur undirritað bókunina og fullgilding hennar er í undirbúningi en hér eru í gildi lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Aðgerðir og leiðir

- *Staðfesta Cartagena-bókunina um erfðabreyttar lífverur og framkvæma hana.*

Umhverfisráðuneytið hefur verið að undirbúa löggjöf um framkvæmd ákvæða bókunarinnar. Gerðar hafa verið breytingar á lögum um erfðabreyttar lífverur og í undirbúningi er breyting á reglugerð um erfðabreyttar lífverur í samræmi við breytingu á lögnum. Stefnt að því að utanríkisráðuneytið leggi fram þingsályktun um fullgilding Kartagena bókunarinnar veturinn 2010-2011.

Í kjölfarið þarf að fara yfir og endurmeta starfsemi stofnana á stjórnsýslusviðinu og rannsóknasviðinu með tilliti til framkvæmdar bókunarinnar.

Framkvæmd;

Lagt er til að sem fyrst verið gefin út ný reglugerð um erfðabreyttar lífverur og að þingsályktun um aðild að Kartagena bókuninni verði lög sem fyrst fram á Alþingi til umfjöllunar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hefji vinnu við gerð reglna um ræktun erfðabreyttra nytjategunda í landbúnaði í samræmi við skilyrði sem sett hafa verið í leyfi fyrir viðkomandi yrki og tegundir sem hlotið hafa samþykki og sett á lista yfir yrki sem heimilt er að taka til ræktunar. Slíkar reglur þurfa að tryggja hagsmuni ræktendanna jafnt og þeirra aðila sem kynnu að verða fyrir áhrifum af ræktuninni vegna viðskiptahagsmuna svo sem bænda sem selja vistvænt vottaðar afurðir, þar sem ábyrgst er að ekki komi fyrir efni úr erfðabreyttum lífverum.

5.7 Að takmarka dreifingu ágengra framandi tegunda

Áttunda grein Samningsins um líffræðilega fjölbreytni beinir því til aðildarríkja að þau komi í veg fyrir innflutning óæskilegra framandi tegunda sem ógnað geti upprunalegum vistkerfum, búsvæðum eða tegundum. Einnig ber að hafa stjórn á uppgangi þeirra eða uppræta þær. Tegundir geta borist milli landa eftir ýmsum leiðum, svo sem með samgöngum og vöruflutningum í lofti, á láði og í legi. Á vegum samningsins hafa verið unnar leiðbeinandi reglur um hvernig stemma má stigu við innflutningi ágengra framandi tegunda, hafa stjórn á þeim eða uppræta.

Aðgerðir og leiðir

- *Kortleggja helstu innflutningsleiðir framandi tegunda til landsins og hugsanlegar ógnir af þeirra völdum.*

Sérfræðinganefnd um framandi lífverur er sett á laggirnar í 41. gr. laga um náttúruvernd og er ráðherra til ráðgjafar um innflutning, dreifingu og ræktun framandi lífvera. Auk sérfræðinganevndarinnar og stofnananna umhverfisráðuneytisins á sviði náttúruverndar er rétt að Veidimálastofnun, Landbúnaðarháskóli Íslands og Matvælastofnun sinni þessu verkefni. Huga þarf að beinum og óbeinum flutningsleiðum framandi tegunda til landsins.

Framkvæmd;

Lagt er til að umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafi forgöngu um að teknar verði saman upplýsingar um helstu flutningsleiðir framandi lífvera til landsins og helstu ógnir af þeirra völdum.

Áríðandi er að yfirfara og samræma sem fyrst lög og reglugerðir um innflutning, dreifingu og ræktun tegunda sem gætu skaðað líffræðilega fjölbreytni landsins og herða eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

Umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið taka upp samvinnu við ofangreindar og aðrar hlutaðeigandi stofnanir um aukið eftirlit með innflutningi og innflutningsleiðum framandi lífvera til landsins.

- *Efla samráð stofnana á sviði ræktunar og náttúruverndar um aðferðarfræði við jarðrækt, skógrækt og landgræðslu, m.a. í því skyni að auka vægi innlendra tegunda.*

Aukin notkun innlendra tegunda í landgræðslu er þegar í skoðun hjá Landgræðslu ríkisins og stofnunin vinnur þegar að rannsóknnum sem miða að því að aðlaga landgræðslu að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og á þetta bæði við um val á

tegundum og hæfilegu áburðarmagni til þess að styrkja gróður sem fyrir er á uppgræðslusvæðum.

Fara þarf yfir málið með Skógrækt ríkisins og forsvarsmönnum landshlutabundinna skógræktarverkefna sem og skógræktarfélagum og ræða hvort og þá hvernig auka megi hlut íslenskra tegunda í skógrækt.

Framkvæmd;

Lagt er til að umhverfisráðuneytið komi á samráðsvettvangi með Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, landshlutabundnu skógræktarverkefnum, skógræktarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum um notkun erlendra tegunda við jarðrækt, skógrækt og landgræðslu til þess að fjalla um og auka vægi innlendra tegunda í ræktun.

- *Setja reglur um losun kjölfestuvatns frá öðrum hafsvæðum til að takmarka hættu á að framandi lífverur berist inn á íslensk hafsvæði.*

Reglugerð um kjölfestuvatn hefur verið birt og er framkvæmd hennar hafin.

5.8 Að setja reglur um aðgengi að erfðaaauðlindum

Þriðja meginmarkmið Samningsins um líffræðilega fjölbreytni fjallar um aðgengi og réttláta skiptingu hagnaðar af nýtingu erfðaaauðlinda. Samningurinn tekur þó af allan vafa um rétt ríkja yfir eigin náttúru- og erfðaaauðlindum. Fimmtánda greinin beinir því til aðildarríkja að setja lög og reglur sem auðvelda öðrum samningsaðilum aðgang að erfðaaauðlindum sem þeir geti nýtt á umhverfisvænan máta og setja ekki hömlur sem brjóta í bága við markmið samningsins. Niðurstöðum rannsókna og þróunar á erfðaaauðlindum og hagnaði sem skapast af nýtingu þeirra skulu aðilar skipta með sér á réttlátan hátt. Ísland er aðili að samningi á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um erfðaaauðlindir jurta og tekur þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði.

Aðgerðir og leiðir

- *Setja reglur um aðgang að erfðaaauðlindum, verndun þeirra, nýtingu og útflutning og skiptingu hagnaðar af nýtingu erfðaaauðlinda.*

Nefnd sem vinnur að tillögum um endurskoðun laga nr. 44/1999 um náttúruvernd hefur rætt um mikilvægi þess að setja inn í lög in ákvæði um erfðaeftni íslenska lífríkisins og hvernig aðgangi, leyfisveitingu, útflutningi, nýtingu og skiptingu hagnaðar af nýtingu erfðaeftnis verður hagað í framtíðinni.

Ísland hefur staðfest alþjóðasamninginn um erfðaaauðlindir plantna sem gildi hafa í landbúnaði og til matvælaframleiðslu (ITPGRFA) en hann er á ábyrgð FAO. Þar er tekið á skiptingu hagnaðar sem getur orðið við kynbætur valinna plöntutegunda (Annex 1 Plants). Með yrkisrétti er hagsmunum sem tengjast nytjaplöntum í ásættanlegum farvegi. Hvað varðar erfðanýtingarrétt sem tengist villtri náttúru landsins er æskilegt að verkið sé unnið í samstarfi þeirra ráðuneyta og stofnana sem málið varðar.

Samkomulag náðist á 10. aðildarríkja fundi samningsins um líffræðilega fjölbreytni í Nagoya í Japan um bókun við samninginn um aðgang að erfðaaauðlindum og skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra þar sem tekið er heildstætt á regluverki um nýtingu erfðaaauðlinda.

Mikilvægt er að við lagasetningu hér á landi verði tekið mið af bókuninni þannig að framkvæmd verði í samræmi við alþjóðleg ákvæði og síðan að unnið verði að fullgildingu bókunarinnar.

Framkvæmd;

Lagt er til að umhverfisráðuneytið komi á samstarfi þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í tengslum við verndun og nýtingu erfðaefnis í náttúru landsins og fyrirtækja sem nýta erfðaefni annarra landa í starfsemi sinni og undirbúi kynningu og umræðu um aðild að Nagoya bókuninni um erfðaaauðlindir.

5.9 Að vernda og nýta erfðabreytileika og erfðaaauðlindir

Erfðabreytileiki meðal einstaklinga sömu tegundar er grunnur þróunar og aðlögunar lífvera að nýjum búsvæðum og umhverfi. Kynbætur í landbúnaði byggja á tiltækum náttúrulegum erfðabreytileika en skapa jafnframt nýjan í formi plöntuyrkja og búfjárstofna. Plöntuyrki og búfjárstofnar ásamt náttúrulegum erfðabreytileika sem landbúnaður nýtir er oft einu nafni nefndur erfðaaauðlindir landbúnaðarins. Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni lætur sig varða bæði náttúrulegan erfðabreytileika og erfðaaauðlindir landbúnaðarins (greinar 8 og 9). Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hafa samstarf um framkvæmd þessara ákvæða samningsins. FAO vinnur nú m.a. að gerð samþættra reglna varðandi verndun og nýtingu erfðaaauðlinda.

Aðgerðir og leiðir

- *Efla starf erfðanefndar landbúnaðarins og fylgja eftir verkefnum sem eru sett fram í landsáætlun hennar um íslenskar erfðaaauðlindir í landbúnaði frá 2008.*

Erfðanefnd landbúnaðarins heyrir nú undir búnaðarlagasamning. Þetta fyrirkomulag tengir nefndina beint við rekstur landbúnaðar á Íslandi en meginhlutverk nefndarinnar er hins vegar fyrst og fremst að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaaauðlinda í landbúnaði. Það mundi því treysta verndarstarf erfðanefndar að hún væri óháð búnaðarlagasamningi og gæti þannig forgangsraðað verkefnum samkvæmt landsáætlun um verndun erfðaaauðlinda í landbúnaði.

Framkvæmd;

Því er beint til sjávarútvegsútvegs- og landbúnaðarráðuneytis að treysta aðgerðir til þess að tryggja verndun íslenskra búfjárkynja sem eru í hættu samkvæmt landsáætluninni, m.a. með því að treysta starf erfðanefndar landbúnaðarins.

- *Taka áfram virkan þátt í norrænu samstarfi og samráði sem tengist aðgengi og notkun á erfðalindum.*

Á vegum NordGen eru starfandi vinnuhópar sem tengjast hinum ýmsu flokkum nytjaplantna, skógarauðlindinni og búfé hefur verið sett á laggirnar samráðsnefnd til þess að fjalla um og vera ráðgefandi um verndun líffræðilegrar fjölbreytni í tengslum við starfsemi NordGen. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi þessara vinnuhópa og lagt er til að slíkt samstarf haldi áfram.

5.10 Menntun og almannafræðsla

Verndun og sjálfbær nýting líffræðilegrar fjölbreytni byggir ekki síst á stuðningi og skilningi almennings. Skilningur á náttúrunni leiðir til virðingar fyrir henni og virðing kallar á góða umgengni. Til að örva skilning á mikilvægi lífríkisins er þörf á markvissu mennta- og fræðsluátaki og um það fjallar 13. grein sammingsins. Hið opinbera getur beitt sér fyrir því að styrkja námskrár grunn- og framhaldsskóla með þetta fyrir augum og tryggt frjálsum félagasamtökum fé til kynningarstarfsemi af ýmsu tagi.

Aðgerðir og leiðir

- *Stuðla að góðri þekkingu þjóðarinnar á lífríki landsins og styrkja námskrár og almannafræðslu þar að lútandi.*

Ráðuneyti, skólar og aðrar stofnanir þurfa að móta stefnu um fræðslu og kynningu á lífríki landsins og þýðingu þess í samræmi við samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

- *Efla fræðsluhlutverk opinberra rannsókn- og stjórnáætlustofnana sem sinna lífríkismálum og efla tengsl þeirra við skóla landsins.*

Taka þyrfti þetta mál upp við menntamálaráðuneytið og viðkomandi stofnanir í því skyni að koma á samstarfi um kynningu á líffræðilegri fjölbreytni og þjónustu vistkerfa.

- *Efla fræðslu um líffræðilega fjölbreytni í þjóðgörðum, þjóðskógum og öðrum verndarsvæðum með útgáfu og leiðsögn.*

Taka málið upp við Umhverfisstofnun og umsjónaraðila annarra verndarsvæða og ræða hvernig þetta megi gera á sem bestan og árangursríkasta hátt.

Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun stefnumörkunar

Mikilvægt er að kynna stefnumótunina vel fyrir framkvæmdaraðilum, félagasamtökum og almennungi. Efla þarf þátt líffræðilegrar fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Það er ekki síður mikilvægt að tekið sé tillit til sammingsins við stefnumótun, lagasetningu og reglugerðarsmið stjórnvalda, sem kallar á kynningu hans innan stjórnáætlunar. Hin endanlega mælistika á áhrifamátt stefnumótunar af þessu tagi er þó sá árangur sem næst í að vernda líffræðilega fjölbreytni landsins og tryggja sjálfbæra nýtingu hans. Á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun árið 2002 var ákveðið að árið 2010 yrði

viðmiðunarár varðandi það alheimsmarkmið að draga verulega úr eða stöðva rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni jarðarinnar. Á vegum Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) og Evrópsku umhverfisstofnunarinnar (EEA) er unnið að því að þróa alþjóðlega vísa til að mæla árangur þjóða heims við að ná þessu markmiði.

Aðgerðir og leiðir

- *Tryggja aukið vægi samningsins um líffræðilega fjölbreytni þegar íslensk löggjöf sem tengist nýtingu náttúrunnar er endurskoðuð.*

Mikilvægt er að umhverfisráðuneytið komi þessu atriði stefnunar á framfæri við önnur ráðuneyti sem fjalla um nýtingu á náttúru landsins og komi á samvinnu um það hvernig treysta megi verndun líffræðilegrar fjölbreytni við endurskoðun löggjafar. Mikilvægt er að umhverfisráðherra fari yfir þessi atriði þegar lagafrumvörp eru kynnt og rædd í ríkisstjórn.

Lagt er til að leiðbeiningareglur, sem samþykktar hafa verið á vettvangi samningsins um líffræðilega fjölbreytni um það hvernig fjalla eigi um áhrif á líffræðilega fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum, verði teknar inn í matsferlið.

- *Kynna stefnumörkunina fyrir þjóðinni og gera áætlun um eftirfylgni hennar.*

Lagt er til að stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni og framkvæmdaáætlun hennar verði gefin út sameiginlega þegar framkvæmdaáætlun verður samþykkt og hvoru tveggja verði kynnt fyrir þeim aðilum sem tengjast framkvæmdinni svo og fyrir almenningi, stofnunum, ráðuneytum, sveitarfélögum og skólakerfinu.

- *Vinna leiðbeinandi reglur fyrir framkvæmdaraðila og ráðgjafa þeirra um þátt líffræðilegrar fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni hefur þegar samþykkt leiðbeinandi reglur um það hvernig eigi að fjalla um líffræðilega fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum. Reglurnar þarf að þýða og koma þeim á framfæri við Skipulagsstofnun og alla aðila sem koma að og fjalla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Kanna þarf hvort breyta þurfi lögum um mat á umhverfisáhrifum þannig að reglurnar verði lagðar til grundvallar í mati á umhverfisáhrifum til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni.

- *Aðlaga alþjóðlega vísa sem mæla ástand líffræðilegrar fjölbreytni að íslenskum aðstæðum og birta með reglubundnum hætti frá og með árinu 2010.*

Lagt er til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði falið að fara yfir vísa sem samþykktir hafa verið og verða samþykktir á vettvangi samningsins, staðfæri þá, leggi mat á framþróun og stöðu hér á landi og birti niðurstöðurnar reglulega, í samvinnu við aðrar viðeigandi stofnanir.

- *Halda áfram samráði ráðuneyta í tengslum við fundi á vegum Samningsins um líffræðilega fjölbreytni.*

Umhverfissráðuneytið hefur haft samráð við önnur ráðuneyti og stofnanir við undirbúning og þátttöku í fundum samningsins. Þetta er mikilvægt samráðsferli og undirbúningur fyrir framkvæmd samningsins hér á landi. Mikilvægt er að þessu samstarfi verði haldið áfram og nýtt til þess að stuðla að öflugri framkvæmd samningsins hér á landi.

- *Meta árangur af stefnumótuninni og uppfæra hana á fimm ára fresti.*

Á aðildarríkjafundi samningsins í Nagoya voru samþykkt ný markmið fyrir samninginn fram til ársins 2020 og ákveðið að vinna að nýjum vísunum til þess að meta árangur á tímabilinu..

Mikilvægt er að hafist handa við að meta stöðuna og árangur af stefnumótuninni og undirbúa uppfærslu til þess að taka inn nýjar áherslur og viðmið frá Nagoya fundinum. Þetta er einkum mikilvægt með tilliti til verndarsvæði í hafi og myndun nets verndarsvæða fyrir 2012.